



Gildi-lífeyrissjóður
Ársfundur 2018
12. apríl



Dagskrá ársfundar

1. Skýrsla stjórnar
2. Kynning ársreiknings, fjárfestingarstefnu og tryggingafræðilegrar úttektar
3. Tillögur til breytinga á samþykktum
4. Kosning/skipan stjórnar
5. Ákvörðun launa stjórnarmanna
6. Kjör endurskoðanda
7. Önnur mál

Ársfundur 2018

Skýrsla stjórnar


Gylfi Gíslason stjórnarformaður

Ársfundur 2018

*Kynning ársreiknings, fjárfestingarstefnu
og tryggingafræðilegrar úttektar*


Árni Guðmundsson framkvæmdastjóri

Breyting á hreinni eign Gildis á árinu 2017 (ma.kr.)




Þróun markaða

12 mánaða verðbólga (vísitala neysluverðs til verðtryggingar)



Stýrivextir



Þróun markaða

Íslenska krónan

- Veiktist um 0,73% á árinu (m.v. gengivísitölu)
 - Styrktist um 8,0% á móti bandaríkjadal
 - Veiktist um 4,7% gagnvart evru
 - Veiktist um 1,5% gagnvart pundi
-

Innlend hlutabréf (OMXIGI-All Share)

- Hækkuðu um 4,9% á árinu
Össur ekki lengur í vísitölunni
-


Erlend hlutabréf (MSCI World)

- Hækkuðu um 22,4% mælt í bandaríkjadal
Hækkuðu um 13,3% að teknu tilliti til styrkingar krónunnar


Samtryggingardeild

Samtryggingardeild *yfirlit 2017*


Breyting á hreinni eign



Ávöxtun



Samtryggingardeild *ávöxtun*



Góð afkoma nú skýrist helst af góðri ávöxtun erlendra hlutabréfa og innlendra skuldabréfa. Erlend hlutabréfaeign sjóðsins ávaxtaðist um 13,2% á árinu mælt í íslenskum krónum, þrátt fyrir umtalsverða styrkingu krónunnar gagnvart Bandaríkjadal.

Samtryggingardeild *sjóðfélagar*

Fjöldi sem á réttindi hjá Gildi: 226.014

Fjöldi greiðandi sjóðfélaga: 53.527

Karlar: 58,2%

Konur: 41,8%

Þjóðerni: 138

Aldur: 45% er 17 til 28 ára

Fjöldi lífeyrisþega: 22.255



Ársskýrsla *bls. 21*

Lífeyrisgreiðslur samtryggingardeildar 2016 og 2017 (m.kr.)


	2017	2016	Breyting milli ára
Ellilífeyrir	9.344	8.585	8,8%
Örorkulífeyrir	4.691	4.452	5,4%
Makalífeyrir	903	868	4,0%
Barnalífeyrir	151	147	2,7%
Samtals	15.089	14.052	7,4%

Fjöldi lífeyrisþega eftir tegundum lífeyris á árunum 2016 og 2017

	2017	2016	Breyting milli ára
Ellilífeyrisþegar	13.591	12.836	5,9%
Örorkulífeyrisþegar	5.568	5.198	7,1%
Makalífeyrisþegar	2.018	1.986	1,6%
Barnalífeyrisþegar	1.078	1.043	3,3%


Fjárfestingar á árinu 2017 (bls. 24)

Fjárfestingar samtryggingardeildar (í ma.kr.) – nettó kaup




Ávöxtun verðbréfaeignar 2017 (bls. 23)

Nafnávöxtun einstakra eignaflokka samtryggingardeildar



Ávöxtun samtryggingardeildar

10 ára yfirlit (bls. 23)



Verðbréfaeign 31. desember 2017 (bls. 25)


Verðbréfaeign og innlán samtryggingardeildar (m.kr.)



Verðbréfaeign	Eign í m.kr	% af safni
■ Ríkistryggð skuldabréf	139.646	27,4%
■ Erlend hlutabréf	129.855	25,5%
■ Innlend hlutabréf	98.069	19,2%
■ Veðskuldabréf	30.327	6,0%
■ Skuldabréf banka og sparisjóða	30.394	6,0%
■ Skuldabréf fyrirtækja	30.316	6,0%
■ Erlend skuldabréf og skammtímasj.	17.411	3,4%
■ Innlán	17.175	3,4%
■ Skuldabréf sveitarfélaga	14.434	2,8%
■ Erlendir fasteignasjóðir	1.491	0,3%
■ Vogunarsjóðir	13	0,0%
Samtals verðbréfaeign	509.131	100%


Lán til sjóðfélaga (*bls. 22*)

Fjöldi nýrra lána



Lán til sjóðfélaga (*bls. 22*)

Heildarfjárhæð nýrra lána (m.kr.)



Tryggingafræðileg úttekt

Tryggingafræðileg úttekt var gerð á stöðu samtryggingardeildar sjóðsins miðað við árslok 2017.


Samkvæmt henni voru eignir sjóðsins 809 millj. kr. lægri en áunnin réttindi sjóðfélaga.

Þegar tekið er tillit til áætlaðra framtíðariðgjalda eru eignir sjóðsins 13.640 millj. kr. lægri en heildarskuldbindingar í árslok miðað við 3,5% raunávöxtunarviðmið.

Heildarstaða sjóðsins var því neikvæð um 1,5% í árslok 2017 samanborið við 2,7% neikvæða stöðu í árslok 2016.


Samtryggingardeild

tryggingafræðileg staða (bls. 32)



Samtryggingardeild

tryggingafræðileg staða (bls. 32)



Fjárfestingarstefna samtryggingardeildar fyrir árið 2018 *(bls. 31)*

Í nýrri fjárfestingarstefnu samtryggingardeildar fyrir árið 2018 er lögð áhersla á að auka vægi erlendra skuldabréfa frá því sem var í fyrri stefnu. Jafnframt er lagt upp með að auka vægi veðskuldabréfa og erlendra fasteignasjóða. Á sama tíma er lagt upp með að draga úr vægi hlutabréfa og innlendra skuldabréfa, einkum ríkisskuldabréfa.

Þá hefur sjóðurinn sett sér markmið um að vægi eigna í erlendri mynt samtryggingardeildar aukist í 35% á árinu 2018 en hlutfallið stóð í 32,8% í árslok 2017.

Fjárfestingarstefna sjóðsins er gerð með það að markmiði að ávaxta fé sjóðfélaga með hliðsjón af hagfelldustu kjörum sem í boði eru á hverjum tíma að teknu tilliti til áhættu.


Fjárfestingarstefna samtryggingardeildar fyrir árið 2018 og eignaskipting í árslok 2017

Verðbréfaflokkur	Eignir (m.kr)	Eignir (%)	Stefna 2018	Heimiluð frávik	
	31.12.2017	31.12.2017		Lágmark	Hámark
Innlán	17.175	3,4%	0,5%	0%	10%
Skuldabréf	262.930	51,6%	52,5%	40%	65%
Skuldabréf með ábyrgð ríkisins	139.646	27,4%	25,0%	20%	35%
Skuldabréf banka og sparisjóða	30.394	6,0%	6,5%	3%	11%
Veðskuldabréf	30.327	6,0%	6,5%	2%	11%
Skuldabréf sveitarfélaga	14.434	2,8%	2,5%	1%	6%
Skuldabréf fyrirtækja	30.316	6,0%	7,0%	3%	12%
Erlendir skammtímasjóðir	12.639	2,5%	0,0%	0%	10%
Erlend skuldabréf	4.773	0,9%	5,0%	0%	8%
Hlutabréf	227.892	44,7%	46,0%	30%	60%
Innlend hlutabréf	98.069	19,2%	20,0%	10%	28%
Erlend hlutabréf	129.855	25,5%	26,0%	15%	35%
Aðrar fjárfestingar	1.505	0,3%	1,0%	0%	4%
Erlendir fasteignasjóðir	1.491	0,3%	1,0%	0%	3%
Vogunarsjóðir	13	0,0%	0,0%	0%	1%
Samtals	509.131	100%	100%		

Séreignardeild

Séreign Framtíðarsýn 1

Ávöxtun




Hrein eign í
ársbyrjun 2017 1.755.933

Hrein eign í
árslok 2017 **1.913.450**

Breyting á
hreinni eign **157.517**

Séreign Framtíðarsýn 2

Ávöxtun




Hrein eign í
ársbyrjun 2017 1.703.239

Hrein eign
í árslok 2017 **1.859.088**

Breyting á
hreinni eign **155.849**

Séreign Framtíðarsýn 3

Ávöxtun



Hrein eign í
ársbyrjun 2017 651.577

Hrein eign
í árslok 2017 **695.391**

Breyting á
hreinni eign **43.824**

Tilgreind séreignardeild

- Tilgreind séreign kemur til vegna kjarasamnings ASÍ og SA frá 21. janúar 2016 og tengist hækkun á framlagi launagreiðanda í lífeyrissjóð.
- Einstaklingar hafa val um að ráðstafa auknu framlagi launagreiðanda í tilgreinda séreign í stað samtryggingar.
- Tilgreind séreignardeild var stofnuð á aukaársfundi Gildis fimmtudaginn 22. júní 2017.
- Sjóðfélagar gátu byrjað að greiða í tilgreinda séreignardeild 1. júlí 2017.
- 575 sjóðfélagar höfðu valið þá leið í árslok 2017.
- Heildareign tilgreindrar séreignardeildar nam tæplega 25 milljónum króna í árslok 2017.
- Fjárfestingarleiðir tilgreindrar séreignardeildar eru þrjár, þær sömu og í séreignardeild sjóðsins.

Séreign Framtíðarsýn 1

Fjárfestingarstefna Framtíðarsýnar 1 fyrir árið 2018 og eignaskipting í árslok 2017

Verðbréfaflokkur	Eignir (m.kr)	Eignir (%)	Stefna 2018	Heimiluð frávik	
	31.12.2017	31.12.2017		Lágmark	Hámark
Skuldabréf	1.249	65,4%	65,0%	55,0%	75,0%
Innlán	82,2	4,3%	1,0%	0,0%	15,0%
Skuldabréf með ábyrgð ríkisins	757,0	39,7%	35,0%	25,0%	65,0%
Skuldabréf banka og fjármálafyrirtækja	193,0	10,1%	10,0%	0,0%	20,0%
Veðskuldabréf	0,0	0,0%	0,0%	0,0%	10,0%
Skuldabréf sveitarfélaga	79,2	4,1%	3,0%	0,0%	10,0%
Skuldabréf fyrirtækja	137,6	7,2%	10,0%	0,0%	15,0%
Erlendir skammtímasjóðir	0,0	0,0%	0,0%	0,0%	10,0%
Erlend skuldabréf	0,0	0,0%	6,0%	0,0%	15,0%
Hlutabréf	659,9	34,6%	35,0%	25,0%	45,0%
Innlend hlutabréf	279,3	14,6%	14,0%	0,0%	25,0%
Erlend hlutabréf	380,6	19,9%	21,0%	10,0%	40,0%
Samtals	1.908,9	100%	100%		

Séreign Framtíðarsýn 2

Fjárfestingarstefna Framtíðarsýnar 2 fyrir árið 2018 og eignaskipting í árslok 2017

Verðbréfaflokkur	Eignir (m.kr)	Eignir (%)	Stefna 2018	Heimiluð frávik	
	31.12.2017	31.12.2017		Lágmark	Hámark
Skuldabréf og innlán	1.411,5	75,9%	80,0%	70,0%	90,0%
Innlán	88,2	4,7%	1,0%	0,0%	15,0%
Skuldabréf með ábyrgð ríkisins	840,1	45,2%	43,0%	35,0%	80,0%
Skuldabréf banka og fjármálafyrirtækja	217,9	11,7%	12,0%	0,0%	20,0%
Veðskuldabréf	0,0	0,0%	0,0%	0,0%	10,0%
Skuldabréf sveitarfélaga	92,9	5,0%	4,0%	0,0%	10,0%
Skuldabréf fyrirtækja	172,3	9,3%	12,0%	0,0%	20,0%
Erlendir skammtímasjóðir	0,0	0,0%	0,0%	0,0%	10,0%
Erlend skuldabréf	0,0	0,0%	8,0%	0,0%	15,0%
Hlutabréf	448,7	24,1%	20,0%	10,0%	30,0%
Innlend hlutabréf	191,5	10,3%	8,0%	0,0%	20,0%
Erlend hlutabréf	257,3	13,8%	12,0%	5,0%	25,0%
Samtals	1.860,2	100,0%	100,0%		

Séreignardeild *Framtíðarsýn 3*

Fjárfestingarstefna Framtíðarsýnar 3 fyrir árið 2018 og eignaskipting í árslok 2017

Verðbréfaflokkur	Eignir (m.kr)		Stefna 2018	Heimiluð frávik	
	31.12.2017	31.12.2017		Lágmark	Hámark
Verðtryggð innlán	701,6	100%	100%	100%	100%
Samtals	701,6	100%	100%		

Ársreikningur

Ársreikningur *bls. 64*

Yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris Iðgjöld og lífeyrir

	Skýr.	2017	2016
Iðgjöld			
Iðgjöld sjóðfélaga		7.008.160	6.225.250
Iðgjöld launagreiðenda		16.089.483	13.261.479
Réttindaflutningur og endurgreiðslur		(83.362)	(133.053)
		23.014.281	19.353.676
Sérstök aukaframlög	3	1.527.567	1.301.104
		24.541.848	20.654.780
Lífeyrir			
Heildarfjárhæð lífeyris	4	(15.189.582)	(14.181.990)
Framlag til starfsendurhæfingarsjóðs		(160.182)	(151.633)
Beinn kostnaður vegna örorkulífeyris	5	(15.642)	(14.803)
		(15.365.406)	(14.348.427)

Ársreikningur *bls. 64*

Yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris

Hreinar fjárfestingartekjur	Skýr.	2017	2016
Hreinar tekjur af eignarhlutum í félögum og sjóðum	6	19.503.456	(9.505.698)
Hreinar tekjur af skuldabréfum	7	17.268.547	15.233.089
Vaxtatekjur af bundnum bankainnstæðum		26.473	25.484
Vaxtatekjur af handbæru fé		395.832	96.945
Vaxtatekjur af iðgjöldum og öðrum kröfum		150.680	115.602
Ýmsar fjárfestingartekjur		0	9
Fjárfestingargjöld		(46.413)	(43.432)
		37.298.574	5.921.999

Rekstrarkostnaður *bls. 90*

	2017	2016
Laun og launatengd gjöld	461.139	429.431
Tölvu- og hugbúnaðarkostnaður	186.233	161.339
Húsnæðiskostnaður	29.554	29.275
Útsending yfirlita og lífeyristilkynninga	28.603	28.087
Fjármálaeftirlitið - árgjald	26.854	23.362
Landssamtök lífeyrissjóða - árgjald	18.425	15.193
Endurskoðun (ytri og innri)	15.856	12.208
Lögfræðikostnaður	10.998	15.660
Sérfræðikostnaður	8.859	17.800
Annar kostnaður	104.591	85.835
Endurkrafinn kostnaður	(85.028)	(75.069)
	806.084	743.122
Rekstrarkostnaður á hvern sjóðfélaga	3.566 kr.	3.342 kr.
Skrifstofu og stjórnunarkostnaður (% af meðalstöðu eigna)	0,16%	0,16%
Laun stjórnar, endurskoðunarnefndar og framkvæmdastjóra	51.686	45.581

Ársreikningur *bls. 65*

Efnahagsreikningur

Fjárfestingar	2017	2016
Eignarhlutir í félögum og sjóðum	247.949.189	221.474.467
Skuldabréf	247.607.984	241.429.856
Bundnar bankainnstæður	701.633	648.178
Aðrar fjárfestingar	81.094	56.782
Samtals	496.339.900	463.609.283
Kröfur, aðrar eignir og skuldir	2017	2016
Kröfur á launagreiðendur	3.533.307	2.603.863
Aðrar kröfur	166.873	43.354
Rekstrarfjármunir	354.760	366.734
Handbært fé	17.345.294	5.394.491
Skuldir	(384.171)	(330.695)
Samtals	21.016.063	8.077.747
Hrein eign til greiðslu lífeyris	517.355.962	471.687.030

Ársreikningur *bls. 66*

Yfirlit um sjóðstreymi

Kröfur, aðrar eignir og skuldir	2017	2016
Sjóðstreymi		
Inngreiðslur	24.015.991	20.397.043
Útgreiðslur	(16.169.959)	(15.071.401)
Ráðstöfunarfé	7.846.032	5.325.642
Fjárfestingarhreyfingar	4.104.771	(9.068.265)
(Lækkun)/hækkun á handbæru fé	11.950.803	(3.742.622)
Handbært fé í upphafi árs	5.394.491	9.137.114
Handbært fé í lok árs	17.345.294	5.394.491

Tillögur til breytinga á samþykktum

Tillögur til breytinga á samþykktum

Tillaga til breytinga á gr. 3.2.:

Greinin orðist þannig (nýtt er auðkennt með rauðu, yfirstrikaður texti fellur út):

3.2. Aðildarsamtök sjóðsins af hálfu launamanna eru Bifreiðastjórafélagið Sleipnir, Efling- stéttarfélag, ~~Farmanna- og fiskimannasamband Íslands,~~ Félag hársnyrtisveina, Félag járníðnaðarmanna á Ísafirði, **Félag skipstjórnarmanna**, Sjómannafélag Íslands, Sjómannasamband Íslands, **Sjómanns- og vélstjórafélag Grindavíkur**, VM – Félag vélstjóra og málmæknimanna, Verkalýðsfélagið Hlíf og Verkalýðsfélag Vestfirðinga, en Samtök atvinnulífsins af hálfu atvinnurekenda.

Tillögur til breytinga á samþykktum

Tillaga til breytinga á 5. tölulið gr. 5.5.:

5. töluliður orðist þannig (nýtt er auðkennt með rauðu, yfirstrikaður texti fellur út):

Kosning stjórnar og varamanna. Fulltrúar stéttarféлага í fulltrúaráði skulu kjósa tvo aðalmenn og **einn** ~~tvö~~ **varamann** ~~varamenn~~ í stjórn. Fulltrúar samtaka atvinnurekenda skulu tilkynna um kjör stjórnar Samtaka atvinnulífsins á tveimur aðalmönnum og einum varamanni í stjórn. Gert skal hlé á fundi meðan kosning skv. þessum lið fer fram.

Tillögur til breytinga á samþykktum

Tillaga til breytinga á gr. 11.1. og 11.2. (frestun lífeyris til 80 ára aldurs):

Greinin orðist þannig (nýtt er auðkennt með rauðu, yfirstrikað fellur út):

11.1. Sjóðfélagi á aldrinum 60 til ~~70~~ 80 ára, sem á réttindi í sjóðnum skv. 10. grein, á rétt á ævilöngum ellilífeyri. Sjóðfélagi sem hefur töku ellilífeyris 67 ára gamall fær réttindi samkvæmt töflu I.

11.2. Þegar sjóðfélagi hefur töku ellilífeyris eftir 67 ára aldur hækkar upphæð ellilífeyris samkvæmt töflu I eins og segir í töflu III fyrir hvern mánuð sem líður frá 67 ára aldri þar til taka lífeyris hefst. Hækkun ellilífeyrisréttindanna miðast við það að verðmæti ellilífeyrisins til æviloka sé hið sama og hjá þeim sem hefja töku ellilífeyris 67 ára miðað við tryggingafræðilegar forsendur sjóðsins. **Þannig getur sjóðfélagi frestað töku ellilífeyris til allt að 80 ára aldurs gegn varanlegri hækkun mánaðarlegra ellilífeyrisgreiðslna.**

Tillögur til breytinga á samþykktum

Tillaga til breytinga á gr. 11.6. (hálfur ellilífeyrir):

Lagt er til að gr. 11.6 verði breytt í heild sinni með þeim hætti að núgildandi texti verði felldur út og ákvæðið verði svohljóðandi í heild eftir breytingar:

11.6. Sjóðfélagi sem ekki hefur hafið töku ellilífeyris hjá sjóðnum getur ákveðið að hefja töku hálfis ellilífeyris hvenær sem er eftir að 60 ára aldri er náð og telst hann þá hafa ráðstafað þeim hluta ellilífeyrisréttinda sinna endanlega, sbr. grein 11.4. Grein 11.3 skal gilda um þann hluta sem ráðstafað er fyrir 67 ára aldur. Grein 11.2 skal gilda um hinn frestaða hluta eftir að 67 ára aldri er náð.

Sjóðfélagi sem hafið hefur töku ellilífeyris við gildistöku þessa ákvæðis getur með sérstakri umsókn þar að lútandi, fram til 1. janúar 2020, farið á hálfan ellilífeyri. Skal þá tryggingastærðfræðingur meta sérstaklega áhrif frestunar og/eða flýtingar á fjárhæð lífeyris. Við mat tryggingastærðfræðings skal byggja á því að tryggingafræðilegar skuldbindingar lífeyrissjóðsins breytist ekki, þannig skal byggja á sömu sjónarmiðum og liggja að baki gr. 11.2 og 11.3. Slík ráðstöfun endurvekur ekki rétt til örorkulífeyris sem ráðstafað hefur verið skv. gr. 11.4.

Tillögur til breytinga á samþykktum

Breytingar sem leiða af breytingum á gr. 11.1., 11.2., og 11.6. - Töflur í viðauka A og tilvísanir í gr. 11.5.:

Vegna breytinga sem tengjast rétti til töku á hálfum ellilífeyri og frestun til 80 ára aldurs þarf að breyta töflum í viðauka A með samþykktum sjóðsins. Um er að ræða nýjar töflur III og IV sem koma í stað taflna III og V í núgildandi samþykktum, núgildandi tafla IV fellur úr gildi.

Tafla III sýnir hækkun ellilífeyris vegna áunninna réttinda þegar taka hefst eftir 67 ára aldur.

Tafla IV sýnir árleg ellilífeyrisréttindi fyrir hvert 10.000 króna iðgjald sem greitt er frá 67 til 69 ára aldurs og hækkun þegar töku er frestað.

Grein 11.5. breytist þannig að í stað tilvísunar í töflu V á tveimur stöðum í greininni verða tilvísanir í töflu IV.

Tillögur til breytinga á samþykktum

TAFLA III Hækkun ellilífeyris þegar taka lífeyris hefst eftir 67 ára aldur

Taka ellilífeyris hefst	Hækkun fyrir hvern mánuð	Aldur	Samtals hækkun
67-68 ára	0,62%	68	7,44%
68-69 ára	0,69%	69	15,72%
69-70 ára	0,78%	70	25,08%
70-71 ára	0,88%	71	35,64%
71-72 ára	1,00%	72	47,64%
72-73 ára	1,15%	73	61,44%
73-74 ára	1,32%	74	77,28%
74-75 ára	1,53%	75	95,64%
75-76 ára	1,78%	76	117,00%
76-77 ára	2,09%	77	142,08%
77-78 ára	2,47%	78	171,72%
78-79 ára	2,94%	79	207,00%
79-80 ára	3,54%	80	249,48%

Tillögur til breytinga á samþykktum

TAFLA IV Árleg ellilífeyrisréttindi fyrir hvert 10.000 króna iðgjald sem greitt er á hverju aldursári frá 67 til 69 ára aldurs og hækkun vegna innvinnsluársins þegar töku ellilífeyris er frestað.

Réttindi skv. töflunni miða við töku lífeyris í lok ársins	Aldur á innvinnsluári		
	67	68	69
Lífeyrisréttindi	755	782	810
Hækkun á mánuði fyrsta árið	0,64%	0,66%	0,69%
Samtals hækkun 68 ára	0,00%	0,00%	0,00%
Samtals hækkun 69 ára	7,68%	0,00%	0,00%
Samtals hækkun 70 ára	16,32%	7,92%	0,00%
Samtals hækkun 71 ára	26,04%	16,92%	8,28%
Samtals hækkun 72 ára	37,20%	27,12%	17,64%
Samtals hækkun 73 ára	49,92%	38,88%	28,44%
Samtals hækkun 74 ára	64,56%	52,32%	40,80%
Samtals hækkun 75 ára	81,48%	67,92%	55,08%
Samtals hækkun 76 ára	101,16%	86,04%	71,76%
Samtals hækkun 77 ára	124,32%	107,40%	91,32%
Samtals hækkun 78 ára	151,68%	132,60%	114,48%
Samtals hækkun 79 ára	184,32%	162,60%	142,08%
Samtals hækkun 80 ára	223,56%	198,72%	175,32%

Kosning / skipan stjórnar

Kosning / skipan stjórnar

Tillaga kjörnefndar um fulltrúa aðildarsamtaka launamanna:

Til tveggja ára, til ársfundar 2020:

Aðalmenn:

Guðmundur Ragnarsson
Margrét Birkisdóttir

Varamaður:

Konráð Alfreðsson

Til eins árs, til ársfundar 2019:

Varamaður:

Ingibjörg Ólafsdóttir

Kosning / skipan stjórnar

**Skipun Samtaka atvinnulífsins á fulltrúum í stjórn til tveggja ára,
til ársfundar 2020:**

Aðalmenn:

**Áslaug Hulda Jónsdóttir
Sverrir Sverrisson**

Varamaður:

Hannes G. Sigurðsson

Laun stjórnarmanna

Laun stjórnarmanna

Ársfundurinn samþykkir að mánaðarlaun aðalmanns verði kr. 119.877, laun formanns verði tvöföld eða kr. 239.754 og laun varaformanns verði kr. 179.815.

Stjórnarlaun miðast við einn fund í mánuði. Ef stjórnarfundir eru fleiri skal greiða aukalega sem nemur einum mánaðarlaunum fyrir hvern setinn fund.

Varamaður fái greidd laun aðalmanns, kr. 119.877, fyrir hvern setinn stjórnarfund.

Fyrir hæfismat hjá Fjármálaeftirliti verði greidd ein mánaðarlaun stjórnarmanns.

Kjör endurskoðanda

Kjör endurskoðanda

Ársfundurinn samþykkir að endurskoðandi sjóðsins verði:

Deloitte ehf.

Smáratorgi 3, Kópavogi.

Önnur mál

Ályktunartillaga Arnar Pálssonar

Ársfundur Gildis lífeyrissjóðs 2018 samþykkir að á næstu stjórnarfundum Haga, N1 og Eimskips muni fulltrúi Gildis í stjórn fyrirtækjanna bera fram eftirfarandi tillögu:

Stjórnir Haga, N1 og Eimskips samþykkja að ráðningasamningar við forstjóra fyrirtækjanna verði teknir til endurskoðunar þannig að samanlögð árslaun og hlunnindi fari ekki umfram 48 milljónir. Jafnframt verði ráðningasamningar annarra stjórnenda fyrirtækjanna teknir til endurskoðunar þar sem laun og hlunnindi þeirra verði innan hóflegra marka.

Greinargerð:

*Í hluthafastefnu Gildis-lífeyrissjóðs segir m.a um starfskjör og starfskjarastefnu:
„Við ákvörðun launa forstjóra telur Gildi-lífeyrissjóður rétt að líta til innri þátta félags, launa-dreifingar innan þess og launa sem ætla má að forstjóra bjóðist á þeim markaði sem félagið starfar á.“*

Eignarhlutur Gildis lífeyrissjóðs í Högum er 12,95%, 9,22% í N1 og 9,42% í Eimskip. Samkvæmt ársskýrslu Haga 28. febrúar 2017 voru árslaun og hlunnindi forstjóra 76,6 milljónir rekstrarárið 1. mars 2016 – 28. febrúar 2017, um 6,4 milljónir á mánuði, árslaun forstjóra N1 árið 2017, 70,5 milljónir, um 5,9 milljónir á mánuði og forstjóra Eimskips árið 2017, 102,6 milljónir um 8,5 milljónir á mánuði.

Óumdeilt er að slík ofurlaun rúmast ekki innan siðlegra marka hjá eigendum Gildis lífeyrissjóðs.

Ályktunartillaga Arnar Pálssonar

Ársfundur Gildis-lífeyrissjóðs 2018 ályktar að stjórn sjóðsins óski nú þegar eftir viðræðum við Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, Lífeyrissjóð verslunarmanna og Birtu lífeyrissjóð um stofnun sameiginlegs stýrihóps sjóðanna um erlendar fjárfestingar. Hlutverk hans yrði að móta sameiginlega stefnu um og hafa umsjón með þeim að öllu leyti.

Greinargerð:

Fjárfestingar erlendis eru gríðarlega áhættusamar. Tillögunni er ætlað að sameina þekkingu og krafta sjóðanna við fjárfestingar erlendis. Þá er henni einnig ætlað að draga úr umsýslukostnaði sjóðanna við erlendar fjárfestingar sem nemur milljörðum á ári hverju. Má í því sambandi nefna að í ársskýrslu Gildis-lífeyrissjóðs 2017 er umsýslukostnaður við erlendar fjárfestingar áætlaður 943 milljónir. Upphæðin er ríflega tvöfalt hærri en laun og launatengd gjöld 33 starfsmanna sjóðsins og stjórnar.

Ályktunartillaga Jóns Trausta Halldórssonar

Tillaga um nýtingu lífeyrisréttinda

Mikill hagnaður hefur verið af lífeyrissjóðinum Gildi vegna fyrirtækja sem Gildi á í. Ég legg þá tillögu fram að hagnaður fyrirtækjanna og lífeyrissjóðsins verði nýtt í að hækka lífeyrinn upp í 800.000, kr. á mánuði fyrir skatt.

Þá að ellilífeyrisþegar og öryrkjar geti keypt sér húsnæði, fatnað og mat og geta borgað af þessu öllu saman.

Geri ég það að tillögu minni að vextirnir af hagnaðinum verði notaður til að hækka bæturnar. Skatturinn af hækkuninni verði notað í innviði samfélagsins, eins og nýjan spítala og lagfæring vega.



Takk fyrir



GILDI